

Skólaráðsfundur 30. september 2021 kl. 14:10

Fundarboð sent:

Dagskrá

- Matur og Matartíminn (35 mínútur)
- Samþykkja fundargerð frá síðasta fundi
- Fara yfir nýungar í Starfsáætlun Landakotsskóla 20201-2022
- Samþykkja starfsáætlun Landakotsskóla 2021-2022
- Fara yfir innra matið
- Önnur mál

Fundarstjóri Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri.

Ingibjörg bendir sérstaklega á nýtt og/eða uppfært efni í starfsáætlun Landakotsskóla sem mikilvægt er að skoða til að gera athugasemdir eða samþykkja (samkvæmt lögum/reglugerð á skólaráð að samþykkja starfsáætlun skólaársins.

-
- bls. 35 f) Stefna varðandi snertingu starfsmanna og nemenda og h) Öryggismenning í skólum
- bls. 36 j) Viðverustefna Landakotsskóla
- bls.39 ii) Grunnteikning af Landakotsskóla og merkingar
- bls. 42 5) Þróunarverkefni
- bls. 47 6) Skipulag skólaársins
- bls. 71 8) Skólareglur
- bls. 84 c) Frímínútur – gæsla
- bls. 100 10) Tómsundastarf
- bls. 152 m) Alvarlegt slys á nemanda / slys sem verða í skólanum
- bls. 166 15) Fylgiskjöl fylgiskjölin eru númeruð frá 1-9
-

Boðaðir eru eftirfarandi aðilar:

Fulltrúar nemenda:

- ✓ Haukur 10.b alþjóðadeild og einn úr hópi eftirtalinn 10. bekkinga íslensku megin; Katrín, Vésteinn eða Ágúst. Ágúst var mættur.

Fulltrúar starfsmanna eru þeir sömu og í fyrra:

- ✓ Louise Hazell A Harris, myndlistarkennari og enskukennari – fyrir hönd yngsta stigs.
- ✓ Hulda Signý Gylfadóttir, umsjónarkennari fimmta bekkjar – fyrir hönd miðstigs.
- ✓ Jolanta Paceviciené, stuðningsfulltrúi í 2. bekk – fyrir hönd annarra starfsmanna.

- ✓ Margrét Sigurðardóttir, gestur.
- ✓ Hera Sigurðardóttir, gestur.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags:

- ✓ Anna Lísía Björnsdóttir, foreldri í 1. og 3. bekk - formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra.
- ✓ Riitta Anne Maarit Kaipainen, foreldri í 3. og 6. bekk - gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra.
- ✓ Anna María Bogadóttir, foreldri í 4. og 7. bekk – meðstjórnandi foreldrafélags.
- ✓ Kristín Benedíktsdóttir, foreldri í 10. bekk – formaður stjórnar LKS, fulltrúi grenndarsamfélagsins. Tilkynti forföll.

Fundarritari Anna Guðrún Júlíusdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð, Skólaráðsfundur 30. september 2021

Þátttakendur kynna sig, 13 manns

Dagskrá

- **Matur 35 mínútur**

Aðilar frá Matartímanum

Jenný sérfæðiskokkur

Ari matreiðslumaður

Svava í forsvari fyrir Matartímann

Anna Lísía almenn óánægja með matinn hjá foreldrum, maðkar tvisvar í þorskinum (hætt með þorsk, sagði kokkurinn). Börnunum verður boðið í mat alla næstu viku. Anna Lísía sendir póst á foreldra í 3. bekk um það, nemendur gefa svo punkta eftir vikuna hvernig maturinn er.

Hera nemendur yngsta stigs: Nokkuð ánægð með matinn, réttir sem þau vilja hafa oftar:

Vilja bleikan fisk, fisk með smjöri, grjónagrat, allt grænmeti, oftar pítsu, hamborgara, hakk og spagetti, bleikan grjónagrat, ekki súpur með sveppum í. Grænmetisbuffið alltaf eins, grjónagraturinn harður undir tönn,

Athugasemd frá Matartímanum: nan brauð eiga að vera heil ekki skera í tvennt.

Miðstig: Fiskurinn mætti vera meira steiktur, vera krispí.

Haukur: Spurði nemendur um matinn fyrir og eftir Covid:

Vilja salt og pipar með matnum

Mexíkósk kjúklingasúpa oftast, bæta osti við. Meiri sósur, tómatsósu, kokteilsósu, með pasta, fiskinum, grænmetinu, meira pasta, meira gums í súpunni, öllum súpunum, matarmeiri súpur.

Ekkert sem var ekki gott.

Ágúst: Meiri mjólk í grjónagrautinn, mjólkinn búin of fljótt, hrísgrjónin almennt hörð og mjúk samtímis, missoðin, betri kjúkling, ekki hafa ýsuna blauta, betri borgara meira úrval af kryddi, ólífufólú á salatbarinn, indverskan mat (sem er stundum), meiri kjöt, betri ávexti (í Covid sérstaklega), minna sinnep á samlokunum.

Gott: fiskurinn, grjónagrautur, Tacos

Margrét: Mjög margt gott, Gott: fiskurinn góður líka blautur, bleikur fiskur með smjöri, kjötsúpa flottir kjötbitar, ekki spennt fyrir sveppasúpunni, vilja fisk, meðlæti sett sér í skál sem á að fara á fiskinn ef það er (ekki saman við fiskinn), grænmeti frábært, tómatar betri núna, allt ferskt og gott.

Ekki gott: bara pastaskrúfur og hvítt brauð (búið að taka út hjá Matartímanum), kjúklinga naggar ganga ekki, ekki kjúklingahamborgara (nagga), mjög mikið unnin vara. Mjög hrifin af fiskinum, bleikan fisk 1-2 svar í mánuði. Hrísgjónagrauturinn hálfur bekkurinn með magapínu, þungt í maga. Lasagne hart þurrt hakk, ostur ofan á, vantaði sósuna, (búið að laga það) pítsa tvisvar í fyrra of mikið gums á pítsunni. Hafa salami, pepperoni, grænmeti.

Anna María: meiri plockfiskur, meiri mexíkósk súpa, meiri grjónagrautur, spagettí, takos. Fiskur ekki góður. Meiri súpur. Sveppasúpa. Súpunar góðar. Það eru aldrei ávextir. Meiri ávexti. Meira kjöt, meiri kjúkling. Eitthvað nýtt.

Svava frá Matartímanum: hrísgrjónagrautur, 300 gr sent á barn (á að vera 180 gr. á barn).

Mun fjölbreyttari óskir í þessum skóla en öðrum vegna þess að nemendur eru frá mörgum þjóðum.

Kokkur: Vill ekki hætta með sveppasúpuna. Hefur ekki heyrt áður að hún sé óvinsæl. Minnka magn sveppa og mauka þá.

Fundurinn: Unglingunum finnst sveppasúpan góð, samt ekki að láta sveppina sjást.

Er súpa og brauð nóg? Hafa oftast egg og salatbarinn þarf að uppfylla ákveðna þörf þegar er súpa og brauð eða hvítt pasta.

Anna Lísa: Ekki traust í 3. bekk, fáir sem borða í 3. bekk. Þarf að vinna traust.

Svava: Reyna að hafa ýsu. Þorskurinn er vinsælli alls staðar. Mikið vesen að fá ýsu. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir að ormur sé í þorskinum. Gríðarlegt fiskhallæri á Íslandi.

Eigum að vera með spónamat einusinni, grautur súpa fiskur tvisvar, bleikan 6-8 vikna fresti, unnin mat 6 sinnum á ári saltkjöt og baunir, jólamatur, pylsupartý á vorin, reykt og saltað sem flokkast sem unnin matvara, kjötfarsbollur einu sinni á ári (tenging við gamla

matinn okkar), grænmeti, kjöt eða pasta á móti, ekki sama fjöldakrafan á kjötið, kjúklíngaleggir, hakk, snitsel (ekki unnið).

Jolanta og Matartíminn tala saman um að panta salt, pipar, olíu, sósur kaldar,fleira?

Anna Guðrún verður áfram tengiliður við Matartímann og vinnur með Jolöntu.

Klukkan þrjú, Margrét, Hera og starfsfólk Matartímans fer af fundi.

- **Samþykkja fundargerð**

Fundargerð lesin. Mikil ánægja með Herdísi sem hefur unnið með Landakotsskóla. Fundurinn samþykkir fundargerð.

- **Fara yfir nýungar í Starfsáætlun Landakotsskóla 20201-2022, (+ innra matið)**

Ingibjörg fer yfir glærur frá síðasta kennarafundi með nemendum (innra mat).

Maturinn alltaf vandamál. Ef til vill að fá fólk úr nær samfélaginu til að koma saman og fara yfir matinn... Bresk fyrirmynd.

Rætt um hvort misræmi sé í einkunnagjöf á milli grunnskóla í 10. bekk. Er hægt að kanna það?

- **Samþykkja starfsáætlun Landakotsskóla 2021-2022**

Búið er að kynna hana í skólaráði. Starfsáætlun samþykkt af fundarmönnum.

- **Önnur mál**

Anna Lísu Fá antirasista stúlkunnar inn í skólann með fræðslu, nemendur, kennara og foreldra. Búnað að fá styrk til að vinna fræðsluefni

Anna Lísu, leggur til að skólinn verði Grænfánaskóli. Louise er til í að taka við af Önnu Katrínu og fara á Grænfána námskeið, skólinn er komin áleiðis sem Grænfánaskóli.

Fjáröflun, hægt að gera meira en bara eitthvað sem allir gera, eitthvað í sambandi við að endurvinnna fatnað, selja notuð föt, fólk bakar, ís í Vesturbæjaris,

Ágúst sagði frá happdrætti í unglíngdeild: Vinningar, Ísbúð Vesturbæjar, Pétursbúð og tveir miðar í bíó.

8. bekkur ætlar að taka Halloween fjáröflunina? Foreldrafélagið vill taka þátt og hjálpa t.d. með fjáröflun, jólaföndur.